

Fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokks og varamanni Bjartrar framtíðar í fjölskylduráði.

Efni: Móttökumiðstöð Útlendingastofnunar í Bæjarhrauni

Óskað er upplýsinga um aðstæður hælisleitenda sem búsettir eru í móttökumiðstöð Útlendingastofnunar við Bæjarhraun.

Í húsnæðinu er blandaður hópur einstaklinga sem koma úr erfiðum aðstæðum og eiga sér ekki samastað og búa við viðvarandi óvissu um afdrif sín. Að því gefnu teljum við ástæðu til að kanna samsetningu þeirra sem þarna eru, kyn, aldur og búsetuskilyrði og það sem hefur áhrif á veru þeirra á staðnum.

Óskað er eftir eftirfarandi upplýsingum:

- Fjöldi einstaklinga skipt eftir kyni og aldri.
- Er vöktun á staðnum?
- Hver er dvalarlengd þeirra sem þarna eru ?
- Er fyrir hendi áætlun um þróun móttökumiðstöðvarinnar hvað varðar samsetningu íbúa, fjölda o.fl.
- Hver er ábyrgð sveitarfélagsins á þjónustu við þennan hóp?

Við leggjum áherslu á að öryggi þessara einstaklinga sem þarna dvelja sé tryggt og að sjálfsögðum mannréttindum sé framfylgt. Þeir sem þarna búa koma úr ólíkum menningarheimum og þess vegna er mikilvægt að huga að fjölmörgum þáttum.

Hafnarfjörður 9. mars 2016

Kristín Thoroddsen, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í fjölskylduráði

Karólína Helga varafulltrúi Bjartar framtíðar í fjölskylduráði